

Stjórnarfundur SK haldinn Iðavöllum 9B í Keflavík 4.2.2009

Mættir:

SK: Guðmundur, Þórhildur, Sigurbjörg, Falur, Ásta og Hjördís.

1. mál Fara yfir síðustu fundargerð

Ekki komin á netið. Frestað til næsta fundar.

2. mál ÍRB nefnd

ÍRB nefnd hefur tekið til starfa.

3. mál IM-50, nokkur mál sem þarf að huga að strax

Búið að panta gistingu. Farið á miðvikudagskvöldi, mót hefst á fimmtudegi. Áheitasöfnun þarf að setja af stað. Badda heldur utan um það. Foreldrafundur eftir Gullmót KR, miðvikudaginn 18. febrúar. Steindór sendir töskupóst og tölvupóst á foreldra. Þeir sundmenn sem eru erlendis fá styrk, hluta af kostnaði við heimferð, til að koma og keppa á IM50.

4. mál BIKAR 2009, nokkur mál sem þarf að huga að strax

Búið að ganga frá áhorfendapöllum og snertiflötur á 4. braut verður lagaður. Botninn verður tekinn upp fyrir Bikar. Búið að ræða við stjórnendur í Holtaskóla um gistingu. Guðmundur hefur samband við IGS og fær tilboð í matinn á Bikar.

5. mál Ramma inn og neqla teitistíma 6. mars ... eða aðra dagsetningu ef þessi gengur ekki

Ákveðið 6. mars.

6. mál Hvatagreiðslur RNB

Fundur með fulltrúum frá Reykjanesbæ var í janúar. Mikil gagnrýni kom á kerfið en ákveðið var að boða aftur fund til að fara yfir fyrirkomulag hvatagreiðslna.

7. mál Sundsjóðurinn og sértækar ráðstafanir á erfiðum tímum

Sundmenn leita til Ástu eða Guðmundar með óskir um að fá að nýta sundsjóð til að greiða æfingargjöld. Þau geta líka bent viðkomandi sundmönnum á aðrar leiðir t.d. Velferðasjóð kirkjunnar svo að hægt sé að nýta sjóðinn í ferðalög síðar meir.

8. mál Önnur mál

a) Lyftingartæki SK. Holtaskóli hefur beðið um afnot af tækjunum. SK samþykkir að Holtaskóli fái afnot af tækjunum.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 21:53

Fundarritari: Sigurbjörg Róbertsdóttir